

Reglur fyrir starfskjaranefnd stjórnar Landsbréfa hf.

1. gr.

Tilgangur

Starfskjaranefnd stjórnar Landsbréfa hefur það hlutverk að undirbúa og gera tillögur að starfskjarastefnu félagsins, starfskjörum stjórnarmanna þar með talið fyrir störf í undirnefndum, sem stjórn leggur árlega fram á aðalfundi. Þá skal starfskjaranefnd fjalla um meginreglur hvata- og/eða kaupaaukakerfa sem félagið kann að taka upp.

2. gr.

Verkefni

Meginhlutverk og skyldur starfskjaranefndar eru:

1. að gera drög að starfskjarastefnu Landsbréfa í samræmi við kröfur laga um hlutafélag;
2. að endurskoða starfskjarastefnu árlega og gera tillögur að breytingum ef þurfa þykir;
3. að fylgjast með og gera tillögur um þróun kjara og mannauðsmála hjá Landsbréfum til langs tíma, t.d. að því er varðar jafnrétti til launa og kynjahlutföll;
4. að fylgjast með því að laun og önnur starfskjör séu í samræmi við lög, reglur og starfskjarastefnu Landsbréfa og
5. að gæta þess að launa- og starfskjör skapi ekki sérstaka rekstraráhættu fyrir félagið.

3. gr.

Nefndarmenn

Stjórn Landsbréfa skipar í starfskjaranefnd og skulu sitja í henni þrír menn, þar af a.m.k. tveir sem skulu óháðir félaginu og daglegum stjórnendum þess. Stjórn Landsbréfa kýs formann starfskjaranefndar, en nefndin skiptir að öðru leyti með sér verkum.

4. gr.

Vinnulag

Starfskjaranefnd fundar eftir þörfum. Hún getur kallað eftir öllum upplýsingum er varða kaup og kjör starfsmanna félagsins.

Starfskjaranefnd getur boðað gesti á fundi hennar eftir þörfum til þess að veita upplýsingar og ráðgjöf er tengjast verksviði nefndarinnar.

Halda skal fundargerðir og bóka allar helstu ákvarðanir. Starfskjaranefnd gerir stjórn Landsbréfa grein fyrir störfum sínum með munnlegri og/eða skriflegri skýrslu á stjórnarfundi.

Starfsreglur stjórnar Landsbréfa eiga við um fundi starfskjaranefndar eftir því sem við getur átt, þ.m.t um þagnarskyldu.

5. gr.

Þóknun

Stjórn Landsbréfa skal gera tillögu til aðalfundar um þóknun fyrir störf nefndarmanna.

6. gr.**Birting**

Reglur þessar skulu birtar á heimasíðu Landsbréfa.

Þannig samþykkt í stjórn Landsbréfa hf. þann 25. júní 2019.